

Fundur 29.1.2024 Jón Sigurðsson prestur, fæddur 1556-1616

Góða kvöldið.

*Já gott kvöld.*

Megið þið öll magnast og verða þeirrar orku aðnjótandi sem er hér hjá okkur og vona ég að margt megi ykkur henda jákvætt sem orðið hefur mér og öðrum til gagns á þessum hnetti.

Og vona ég að mér takist að segja frá því hér í kvöld og gleður það mig að komast í sambandið við gömlu jörðina og ekki er það oft sem okkur tekst að ná sambandi við ykkur.

En þeir eru fjölmargir framlífs hnettirnir þar sem undrunin er ekki mikil að heyra okkar erindi og hnettirnir þar sem fólkið er komið á svipað vitundarstig og þroskinn er svipaður, en er okkur það vel kunnugt að framlífs hnettirnir eru lengur að taka við sér.

Og hef ég oft velt því fyrir mér hvort landið mitt gamla sé eins kalt og það var, en hefur það glatt mig mjög að fréttu að þjóðinni tókst að beisla jarðhitann á liðinni öld og aðra náttúrunnar krafta.

Og spyr ég mig þó enn spurninga um daglegt veðurfar á jörðinni gömlu eins og það veðurfar er á öðrum hnöttum, og hef ég lítið eitt lært í þeim fræðum, þótt það sé ekki mitt aðal fag.

Já er ég Íslendingur, og vona ég að mér takist að segja frá æfi minni á þessum hnetti, en er ég hræddur um að of langt mál það væri að þræða lífshlaup mitt frá byrjun, þar sem ég hef fluttst á nokkrum framlífs hnöttum yfir á aðra og segja má að breytingar hafi orðið, breytingar frá helstefnu yfir í lífstefnu, eins og vera ber og er það mikið fagnaðarefni.

Hef ég þess vegna á nokkrum lífsskeiðum verið á lífstefnu brautinni, gott eitt af mér að segja og hef ég umvafið mig og aðra sífellt meiri kærleika og þekkingu en var það ekki svo áður, þegar skapbrestir og takmarkanir þjóðfélagsins hindruðu möguleika mína og hæfileika til að njóta mín.

Og er það víst svo að það er saga margra á framlífs hnöttunum að misjafnlega vel gengur.

Var ég prestur í frumlífi mínu á jörðinni og naut ég þess að vera kominn af slíkum mönnum og tók ég ungur vígslu og ekki fullu menntaður, enda var það á þeim tíma þegar sumstaðar skorti upp á prestanna og ekki voru menntun og erlend skólaganga eins auðveld og síðar varð.

En margt bar þó við á því æfiskeiði sem markvert var og margar voru hamingjustundirnar og þótt nokkur börnin hafi dáið ung, komust nokkur þeirra upp og tel ég að mér hafi gengið sumt vel í mínu frumlífi, eins og sagt er.

En annað gekk mér miður og áfengisbölið bætti ekki úr skák og hafði ég komið mér upp siðvenjum á gamals aldri sem tengdust trúnni og bókstafstúlkun trúarinnar á þeim tíma og skapaði mér óvildarmenn með því að predika um eld og brennistein í predikunarstólnum og nokkrar voru deilurnar í sveitinni sem ófu upp á sig.

Og þegar ég kom yfir geimdjúpin í mitt fyrsta framlíf voru þar öðru vísi aðstæður og tækifærin til að auðgast voru þar meiri og gengu menn þar að störfum hástéttanna af meiri ákveðni og skörungsskap og náði ég þar meiri árangri.

Og þegar ég lít til baka, tel ég að þar hafi byrjað ákeðin óheillabraut sem ekki varð undið ofan af fyrr en nokkuð seinna, í nokkrum framlífum seinna þegar ég komst á hnött með bundin möndulsnúning og mátti þar líða nokkrar þrautir og iðrast gjörða minna, fyrir að hafa auðgast um of og beitt stöðu minni í þágu stéttar minnar og haft ekki næga samúð með fólki.

Og hafði ég þá komið á nokkrar framlífs jarðir, og var þá tæknin orðin meiri og möguleikarnir og kolanámur og ýmis konar iðnverkfæri var sem hægt var að beita fólki fyrir sig með lág laun, án þess að reglur væru komnar um slíka vinnu hörku.

Já, kom ég þá á hnött með bundin möndul snúning og voru þar saman komnir margvíslegir hópar sem börðust um völdin og hitti ég þar fyrir marga af keppinautum mínum úr fyrri framlífs jarðvistum, sem hafði eldað grátt silfur við, en hafði þó auðgast og ekki farið mjög illa út úr þeim samskiptum.

En var þar lífsbaráttan miklu harðari en áður og komust við ekki hjá því að beita enn grimmilegri aðferðum og að því kom á þeirri heljarvist að ég fór að hugsa ráð mitt og fór þá að skilja trúna upp á nýtt.

Og í næstu jarðvist voru aðstæður þannig að ég var staddur á stað þar sem, var á slíkri plánetu áfram, annarri plánetu með bundin möndul snúning, en þar voru einhver mörk dags og nætur og sólin kom upp af hálfu og fólkið lifði á bökkum mikils fljóts og þurfti að byggja pramma og báta til að koma matföngum yfir á hinn bakkann, þar sem íbúar myrkurlandanna voru fleiri, og fengu ekki vel björg sér veitt.

Og eftir að ég fékk áhuga á því að vera framarlega í þeim björgunarstörfum, batnaði heilsufar mitt og ýmis konar vandkvæði og kynntumst við þá nokkurs konar munkum í reglu þar skammt frá, sem leiddu okkur á annan stað, þar sem gróður var meiri og fjölbreyttara fæði og veður skárar.

Og hélt ég þannig áfram á þeirri framlíf jörð og kynnstist landsins kostum og komst ég eftir það á lífstefnu brautina.

Og voru þar ýmis trúarbrögðin sem ég kynnti mér og minntu sum á búddatrú eða austurlenska speki eða norræna ásatrú og aðra heiðni.

En ætla ég nú ekki að fara út í það nánar að sinni, er ég hér staddur í stórri sambandsstöð og er hér bjart um að litast og hef ég verið á lífstefnu brautinni lengi.

Vil ég nú ekki taka tíma ykkar lengur en segja til nafns og vonast til að komast síðar eða einhverjir á mínum hnetti og að okkur sé þá unnt að lýsa betur staðháttum.

Þið kannist eflaust við nafn mitt, en ég heiti algengu nafni annars frægs Íslendinga sem uppi var talsvert síðar en ég.

En ég fæddist 1556 og dó ég 1616, nafn mitt er Jón Sigurðsson prestur.

*Hvar áttir þú heima á Íslandi ?*

Á Suðurlandi nálægt Selfossi, Ólafsstaðir,

*Ólafsvellir kannski ?*

Ólafsvellir já.

Já ég þakka fyrir mig og reyni að koma síðar, þakka ég kærlega fyrir gott hljóð og kannski það séu fleiri hér sem vilji láta til sín heyra.

Þakka ég fyrir, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll.*